

fóru, við hættu þeirri, er þeim væri búin sökum ofdrykkju vagnmannsins. Þetta gerði hundurinn allajafna, er vagnmaður var drukkið, en aldrei, er hann var ódrukkinn, og með fullu viti, og loksins var fólk farið að reiða sig á hundinn. Kona herra Segonsaks var vön að aka sér til skemtunar á degi hverjum, og bar það stundum við, að hún hætti við, þegar væninn kom að dyrum og hundurinn tók að geyja, og gaf henni með því í skyn, að það væri ekki ráðlegt, að aka með vagnmanninum þann daginn.

---

### TIL GAMANS.

---

Saga af Daniel Webster, hinum mikla lögfræðing og ræðuskörung Bandaríkjanna, þegar hann var dreigur. Hann kom óhreinum um hendurnar í skólann. Og kennarinn átti í mesta stríði með hann, til þess að fá hann til að þvo sér. Einn morgun gáir hann að því, þegar hann er kominn að heiman, að hann hefir ekki þvegið sér sem best. Og til þess nú að bæta úr því, sleikir hann aðra höndina á sér nokkurn vegian hreina. Að minsta kosti fanst honum það. Og þegar hann kemur í skólana, heldur hann höndunum fyrir aftan bakið á sér. „Nú, Daniel, hefurðu þvegið þér? Lofaðu mér að sjá hendurnar á þér“—sagði **kennarinn**. Daniel rétti fram höndina, sem hann hafði sleikt. — „Ekki er hún góð“—segir kennarinn. Og ef þú getur sýnt mér nokkra hönd verri hér í skólanum en hana, þá skaltu sleppa við refsingu. — Daniel rétti þá fram hina höndina.

---

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaður „Sam.“ og „Barnanna“.

*Address*: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.  
Canada.

---

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „Sam.“ á Íslandi.